

Fundur haldinn í safnanefnd Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla 4. apríl 2006 kl. 17.00 í Norska húsinu í Stykkishólmi.

Mættir: Gunnar Kristjánsson, Eyþór Benediktsson, Pétur Jóhannsson og Aldís Sigurðardóttir. Ástþór Jóhannsson og Ragnheiður Víglundsdóttir boðuðu forföll.

Gunnar setti fund, bauð fundarmenn velkomna og bað Aldísi að segja frá hvað verður að gerast í Norska húsinu í sumar. Fyrirhugað sýningarhald í Norska húsinu er það helst að einungis ein sýning er fyrirhuguð í safninu í sumar. Er það sýning um verslunarstaði við Breiðafjörðinn frá öndverðu og fram að 20. öld en sýningin er hluti af NORCE verkefni Evrópusambandsins sem Byggðasafnið er aðili að ásamt Minjasafninu að Hnjóti og Hlunnindasýningunni á Reykhólum. Mikill undirbúningur er að þessari sýningu og talsverður kostnaður þannig að ákveðið var að láta hana standa sumarið. Í staðinn fyrir fleiri sýningar verður reynt að hafa nokkrar uppákomur í Norska húsinu. Þá var það rætt að Aldís og Eyþór hafa setið 2 fundi með Önnu Melsted hjá Anok margmiðlun vegna heimasíðu fyrir safnið.

Framkvæmdir við garðinn umhverfis Norska húsið. Rætt var um fyrirhugaðar garðframkvæmdir við Norska húsið og að sú vinna verði unnin samhliða vinnu Stykkishólmsbæjar við “Plássið” í Stykkishólmi. Stykkishólmsbær hefur fengið arkitektastofuna Landslag til að skipuleggja framkvæmdir í “Plássinu” og var haldinn fundur ariktekta frá Landslagi, bæjarstjóra, skipulags- og byggingafulltrúa og forstöðumanni byggðasafnsins. Þá hafa farið fram tveir samráðsfundir arkitektanna með Bæringi Jónssyni sem vann miðbæjarskipulag Stykkishólms og Joni Nordsteien arkitekt Byggðasafnsins og Húsafriðunarnefndar. Þessi vinna er nokkuð á veg komin og stefnt er að því að hefja framkvæmdir í haust.

Verkefni fyrir önnur söfn. Aldís gerði grein fyrir vinnu byggðasafnsins fyrir önnur söfn í héraðinu. Nú eru þrjú söfn að byrja skráningarvinnu á safnkosti sínum og endurskipulagninu á geymslukosti og/eða sýningarrými. Mun byggðasafnið veita þeim söfnum aðstoð og ráðleggingar við þá vinnu eins og er á þess færi. Þá kom fram að Auður Sigurðardóttir starfsmaður safnsins í skráningarvinnu hætti störfum í haust s.l. og að fyrirhugað sé að auglýsa eftir starfsmanni í skráningu í sumar.

Endurskoðun söfnunar- og sýningarstefnu Byggðasafnsins. Lögð var fram söfnunarstefnu safnsins frá árinu 2000. Samkvæmt safnalögum ber söfnum að starfa eftir söfnunarstefnu og skal endurskoða hana reglulega. Þá er þess krafist þegar sótt er um styrk í safnasjóð að söfn leggi fram söfnunar- og sýningarstefnu, starfsstefnu og rekstrar- og verkefnaáætlun. Forstöðumaður óskaði eftir liðsinni einhvers úr nefndinni til að fara yfir þessi mál með henni og móta þessar stefnur til næstu fjögurra ára. Eyþór tók að sér þessa aðstoð og er stefnt að því að ljúka verkinu og leggja það fyrir fund safnanefndar í haust.

Veðursögu- og veðurminjasafn. Á sýningaroopnun í Norska húsinu sl. sumar gat Veðurstofustjóri, Magnús Jónsson þess að óskað væri eftir undirtektum við það að komið væri upp veðursögu- og veðurminjasafni í tengslum við Norska húsið í Stykkishólmi og

byggði það á samfelldum veðurathugunum í Stykkishólmi er hófust á veðurathugunum Árna Thorlaciusar árið 1845. Í haust s.l. kom svo bréf frá Veðurstofunni þar sem Stykkishólmsbæ og/eða Héraðsnefnd Snæfellinga voru formlega boðnir munir, minjar og vinnuframlag sérfræðinga Veðurstofunnar til að þetta safn gæti orðið að veruleika. Talsvert hefur verið um málið rætt í Stykkishólmi og hefur boðinu verið formlega svarað af hálfu Stykkishólmbæjar og var lýst yfir áhuga bæjarins að komið verði á laggirnar veðursögu- og veðurminjasafni í Stykkishólmi. Safnanefndin mun fylgjast með málinu.

Önnur mál. Pétur nefndi það að listmálarinn Erró, sem á ættir að rekja til Ólafsvíkur, verður 75 ára á næsta ári og í tilefni af því væri gaman að efna til sýningar á verkum hans í Ólafsvík. Ákveðið var að senda formanni lista- og menningarmálanefndar Snæfellsbæjar línu um málið.

Önnur mál voru ekki rædd og fundi slitið kl. 18.43

Gunnar Kristjánsson
sign

Eypór Benediktsson
sign

Pétur Jóhannsson
sign

Aldís Sigurðardóttir, ritari
sign